



## Námsmatsstefna Brekkubæjarskóla

### Aðdragandi


Árið 2007 var námsmatsteymi sett á laggirnar í Brekkubæjarskóla en ákveðið hafði verið að móta heildstæða stefnu í námsmati á öllum stigum skólans. Sótt var um styrk til Vonarsjóðs til að hefja þróunarvinnu með það að markmiði að bæta námsmat, gera það skilvirkara, markvissara og gegnsærra. Stefnt var að samræmdu námsmati og að samfella yrði í námsmatsaðferðum og birtingu námsmats á milli stiga. Þróunarverkefnið hófst í ágúst 2009 og áætluð lok eru haustið 2012. *Námsmatstefna Brekkubæjarskóla* er afrakstur þeirrar vinnu sem hefur farið fram í skólanum í þróunarferlinu.

### Forsendur

Námsmatsstefna Brekkubæjarskóla byggir á markmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla*. Í henni birtist heildarstefna stjórnvalda í menntamálum sem byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Samkvæmt Aðalnámskrá er skólum skylt að marka sér stefnu í skólamálum sem birtist í skólanámskrá.

*Skólanámskrá Brekkubæjarskóla* byggir á stefnu skólans, *Góður og fróður*. Hún er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna skólans.

Í *bekkjarnámskrám* má fræðast um námsgreinar, námsmarkmið, kennsluaðferðir, námsmat og helstu námsgögn hverrar námsgreinar.



## Markmið með námsmati

Námsmati er ætlað að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda (Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls 52 kafli 9.1.). Við lok grunnskóla er skylt að meta náms- og lykilhæfni nemenda í viðkomandi fagi.

## Námshæfni

**Lykilhæfni** er skilgreind í Aðalnámskrá og byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Hún felur í sér eftirfarandi:

1. Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni, flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
2. Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun sem og röksemdafærslu.
3. Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
4. Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
5. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.



(Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti, 2011, bls. 53).

## Námsmat í Brekkubæjarskóla

Námsmat í Brekkubæjarskóla er bæði formlegt og óformlegt.

**Formlegt námsmat** er meðal annars samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk, próf, stöðupróf, kannanir, ritgerðir og verkefni. Læsi, skimunarpróf, lesskilningspróf og önnur stöðluð próf. Niðurstöður formlegra prófa eru nýttar til að meta og endurskoða stöðu náms og kennslu.

**Óformlegt mat** felur í sér að vinnubrögð nemenda og virkni eru metin jafnt og þétt yfir námstímamann. Matið er notað til að leiðbeina nemendum um það sem vel er gert og það sem má betur fara. Óformlegt mat er til að mynda hverskonar möppur, sýnimöppur, dagbækur, gátlistar, matskvarðar, jafningjamat, sjálfsmat og viðtöl.

**Gátlistar:** Listi sem tilgreinir hvort eða hvenær markmiðum er náð.

**Matskvarði:** Setur viðmið og staðsetur árangur og vísar veginn í átt að æskilegum árangri (Þóra Björk Jónsdóttir, 2008).

**Leiðsagnarmat:** Miðast við að meta stöðu og framfarir nemenda og veita leiðbeiningar um hvernig hægt er að skipuleggja áframhaldandi vinnu.

**Sjálfsmat:** Kennarar og/eða nemendur setja markmið í upphafi og nemendur leggja mat á eigið nám í þeim tilgangi að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og framvindu þess.

**Jafningjamat:** Nemendur meta framlag og verklag hvers annars bæði sem einstaklingar og í hópi.


**Námsmöppur:** Safn verkefna vetrarins.

**Sýnimappa:** Nemandinn velur sýnishorn af því sem hann telur best úr námsmöppu og rökstyður val sitt.

### Vitnisburður í Brekkubæjarskóla

Skólaárið í Brekkubæjarskóla skiptist í þrjár annir. Í lok haustannar er áhersla lögð á að meta líðan og frammistöðu nemenda. Á vetrarönn er framvinda námsins metin og ákveðið hvert skal stefna. Á vorönn fer fram lokamat skólaársins og framfarir metnar. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið en í lok hverrar annar fá nemendur og aðstandendur afhentan vitnisburð um námslega stöðu og líðan nemenda. Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári, í lok haust- og miðannar.

## Skólaár Brekkubæjarskóla



## Námsmatsstefna Brekkubæjarskóla

### Námsmat í Brekkubæjarskóla skal vera faglegt

Það byggir á vandaðri og markvissri markmiðssetningu, meðal annars með hliðsjón af Aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá og traustum og viðurkenndum námsmatsaðferðum. Námsmat skólans er í stöðugri þróun og endurmati. Áhersla er lögð á áreiðanleika, sanngirni og réttmæti þess. Í þessu felst meðal annars samfella og samræmi milli stiga, námsgreina og námssviða.



### Námsmat í Brekkubæjarskóla skal vera einstaklingsmiðað

Leitast er við að haga námsmati í samræmi við ólíkar þarfir, hæfileika og getu nemandans. Hér má sem dæmi nefna þyngdarskipt próf, eða mismunandi verkefni eða úrlausnir. Í þessu getur einnig falist að nemendur hafi tækifæri til þess að hafa áhrif á hvernig námsmati er háttað.

### Námsmat í Brekkubæjarskóla skal vera leiðbeinandi og hvetjandi

Lögð er áhersla á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu, og fái ráðgjöf í því skyni að bæta það og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða markmið og viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Leitast er við að virkja nemendur til þátttöku í námsmatinu, t.d. með sjálfsmati og jafningjamati.

### Fjölbreytt og stöðugt námsmat er í fyrirrúmi í Brekkubæjarskóla

Með fjölbreyttu námsmati er átt við að byggt sé á margvíslegum námsmatsaðferðum, lykilhæfni og markmiðum þar sem metið er jafnt frammistaða, vinnubrögð, viðhorf og árangur. Með ólíkum námsmatsaðferðum er átt við t.d. skriflegt, munnlegt og verklegt mat, námsmóppur, hópverkefni, ólík próf, dagbækur og gátlistar. Námsmat skal fara fram með reglubundnum hætti, jafnt og þétt yfir námstímann.

### Námsmat í Brekkubæjarskóla skal vera upplýsandi, skýrt og sýnilegt

Námsmat á að veita nemendum, aðstandendum og kennurum skilmerkilegar upplýsingar um námsgengi og hæfni nemenda, vinnubrögð og framfarir. Násmarkmið með kennslu skulu vera sýnileg svo nemendur og aðstandendur viti til hvers er ætlast. Þá skal námsmat og vitnisburður gefa skýra mynd af stöðu nemenda hverju sinni.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þóra Björk Jónsdóttir. (2008). *Námsmat með áherslu á leiðsagnarmat.* Útgefið af höfundi